



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Rósa Guðbjartsdóttir
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Kópavogur, 20. ágúst 2020
Málsnr. 2003010/PBG

Varðar: Stofnun opinbers hlutafélags um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu

Á stjórnarfundi SSH hinn 7. ágúst 2020 var eftirfarandi bókað:

1. Samgöngusáttmálinn/ málsnr. 2003010

Ný samgönguáætlun og frumvarp um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu hafa verið samþykkt á Alþingi. Nú liggja fyrir drög að samþykktum fyrir hlutafélagið og hlutahafasamkomulagi sem taka þarf afstöðu til. Skrifstofa SSH hefur yfirfarið umrædd drög og sett fram ákveðnar breytingartillögur.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynna drög að samþykktum og hlutahafasamkomulagi og tillögur til breytinga á þeim. Umræður.

Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra SSH er falið að koma breytingartillögum SSH, að teknu tilliti til umræðna fundarins, á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Við þá vinnu verði jafnframt haft samráð við fulltrúa SSH í stýrihópnum. Í kjölfar þess verði umrædd drög, ásamt þá áorðnum breytingum, send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu.

Í samræmi við ofangreint hefur áframhaldandi vinna við drög að samþykktum, stofnsamningi og hlutahafasamkomulagi fyrir félagið Betri samgöngur ohf., átt sér stað með samstarfi SSH og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Endanleg drög liggja nú fyrir og eru hjálögð.

Stofnun umrædds hlutafélags er heimiluð með lögum um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, sem samþykkt voru á Alþingi hinn 29. júní 2020. Sú löggjöf grundvallast á 6. gr. samkomulags um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum (Samgöngusáttmálinn), milli íslenska ríkisins

annars vegar og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hins vegar, frá 26. september 2019, þar sem fjallað er ítarlega um verkefni og fjármögnun Samgöngusáttmálans og hvernig fyrirkomulag samstarfs skuli vera. Vakin er sérstök athygli á gr. 1.2 í hluthafasamkomulaginu, en þar er kveðið á um að stofnfé félagsins sé 4.000.000 kr., og skiptist hlutur sveitarfélaganna með þeim hætti sem þar segir. Greiðsla þarf að fara fram samhliða stofnun félagsins.

Til að stofnun félagsins geti átt sér stað þarf samkvæmt framansögðu að liggja fyrir samþykki þess að sveitarfélagið taki þátt í að stofna umrætt opinbert hlutafélag og leggi hlutafélaginu til stofnfé í samræmi við ofangreint. Jafnframt þarf að liggja fyrir samþykki þess að framkvæmdastjóri sveitarfélagsins undirriti stofnsamning og hluthafasamkomulag hlutafélagsins fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samkvæmt ofangreindri bókun stjórnarfundar SSH er því hér með farið fram á að meðfylgjandi verði tekið til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,



Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) Hluthafasamkomulag um stjórnskipulag og eignarhald félagsins Betri samgöngur ohf.
- b) Stofnsamþykktir fyrir hlutafélagið Betri samgöngur ohf.
- c) Stofnsamningur fyrir hlutafélagið Betri samgöngur ohf.